

AUGLÝSING

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1963.

Ákveðið hefur verið að nota heimild í lögum nr. 88 22. desember 1962 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1963. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

Í menntamálaráðuneytinu, 27. desember 1962.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1963.

Árið 1963 skulu iðgjöld samkvæmt 27. og 29. gr. almannatryggingalaga nr. 24/1956, vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkv. 27. gr. laga nr. 24/1956:

a. Hjón	kr. 2300.00
b. Ókvæntir karlar	— 2090.00
c. Ógiftar konur	— 1570.00
2. Félagsmenn sérsjóða samkv. 85. gr. laga nr. 24/1956:

a. Hjón	— 690.00
b. Ókvæntir karlar	— 627.00
c. Ógiftar konur	— 471.00
3. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 29. gr. laga nr. 24/1956:

Fyrir hverja vinnuviku	— 20.00
------------------------------	---------
4. Í janúar 1963 skal greiða upp í iðgjald samkv. 27. gr. sem hér segir:

a. Hjón og ókvæntir karlar	— 1100.00
b. Ógiftar konur	— 800.00

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, sbr. lög nr. 89 17. desember 1962, um bráðabirgðabreyting á þeim lögum, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. desember 1962.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.